

Nd.

404. Nefndarálit

[56. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 66/1917, um gjöld til holræsa og gangstétta á Akureyri.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta og sent það til umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga. Mælir stjórn þess með samþykkt þess, en telur ef til vill nauðsynlegt að setja nánari ákvæði um upphæð skattsins í frumvarpið, en það gerir hins vegar ráð fyrir að slíkt verði gert í reglugerð.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt. Þrír nefndarmanna, Jón Kjartansson, Hannibal Valdimarsson og Jónas Árnason, hafa fyrirvara á samþykkt sinni.

Alþingi, 10. marz 1970.

Guðl. Gíslason, form.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr., frsm.	Matthías Bjarnason.
Hannibal Valdimarsson.	Jón Kjartansson.	Jónas Árnason.